



Starfsreglur öldungaráðs Akureyrarbæjar

1. Inngangur

Samkvæmt samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar frá maí 2019 er ráðið samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins. Ráðið starfar á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991 og laga um málefni aldraðra nr.125/1999 með breytingum í maí 2020 þar sem staðfest er tilvist öldungaráða á vettvangi sveitarfélaga. Verkefni ráðsins sem tilgreind eru í lögnum og samþykktinni, liggja þessum starfsreglum til grundvallar.

Markmið þessara starfsreglna er að skilgreina nánar verkaskiptingu innan ráðsins til að verklag innan þess verði eins skilvirkt og mögulegt er þar sem verkefnin eru fjölbreytt og þarfnast eftirfylgni. **Skulu þessar reglur endurskoðaðar á tveggja ára fresti hið minnsta en ráðið setur sér árlega starfsáætlun; formaður, varaformaður og starfsmaður ráðsins sjá um það og leggja fyrir fund í janúar.**

Ráðið er skipað þremur pólitískt skipuðum fulltrúum, þremur fulltrúum frá Félagi eldri borgara á Akureyri, og einum fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN). Fulltrúar skipta með sér verkum og bera sameiginlega ábyrgð á skilvirkni starfsemi ráðsins.

Um stjórnarsýslulega verkaskiptingu s.s störf formanns ráðsins og starfsmanns þess, má lesa í samþykkt fyrir öldungaráð á vef Akureyrarbæjar

https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/2019/samthykkt-fyrir-oldungarad-akureyrarbaejar-samth.-i-baejarstjorn-19.02.-2019.pdf.pdf

2. Verksvið og verkaskipting fulltrúa í öldungaráði.

Allir fulltrúar í ráðinu bera ábyrgð á að kynna sér stöðu öldrunarmála og þjónustu við eldri borgara á Akureyri og leggja fram tillögur sem snúa að þjónustunni og þróun í málaflöknum.

- Verkefni er varða **samráð og ráðgjöf** við stjórnunareiningar (stjórnkerfi) Akureyrarbæjar;

Pólitískt skipaðir fulltrúar bera ábyrgð á að ýta áfram málefnum er varða aldraða innan stjórnkerfis Akureyrarbæjar gegnum kjörna fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum.

Mikilvægt að fulltrúar setji sér reglur um að upplýsa bæjarfulltrúa um starf öldungaráðsins og leita upplýsinga minnst einu sinni í mánuði. Pólitískt skipaðir fulltrúar skulu tryggja að málefni er varða hagsmuni og þjónustu við aldraða séu ekki unnin og afgreidd án samráðs við öldungaráð. Þetta felst í því að fylgjast með fundum og fundagerðum fyrst og fremst velferðarráðs og fræðslu- og lýðheilsuráðs auk annarra nefnda sem fjalla um mál sem varða hagsmuni og þjónustu við eldri borgara.

Pólitískt skipaðir fulltrúar skulu einnig fylgja eftir **ráðgjöf og tillögum** sem öldungaráðið veitir ráðum og nefndum bæjarins og koma upplýsingum til annarra í öldungaráði.

Ráðgefandi álit sem slík eru alltaf tekin fyrir á fundum öldungaráðs með þátttöku allra í ráðinu.

- Verkefni er varða samráð við bæjarbúa 67 ára og eldri og félagasamtök þeirra;

Fulltrúar Félags eldri borgara á Akureyri (EBAK) hafa góða tengingu við hagsmunamál er varða aldraðra á Akureyri. Það er því í þeirra verkahring að halda ráðinu upplýstu um það sem helst brennur á eldri borgurum og leggja það fram til umræðu í öldungaráðinu. Í því felst að fylgja eftir vinnu við tillögur er málefnið varðar. Þeir koma einnig á framfæri og fylgja eftir málum sem félagið setur fram.

Fulltrúar EBAK komi upplýsingum til félagsins um störf ráðsins og forgangsöröðun bæjarins í málaflokknum.

Fulltrúar EBAK séu að öllu jöfnu talsmenn ráðsins útá við þegar leitað eftir fulltrúa til þátttöku í ráðstefnum, pallborðsumræðum eða viðtölum.

Fulltrúar EBAK verði fulltrúar ráðsins í vinnu aðgerðaráætlunar á vegum Akureyrarbæjar um málefni aldraðra og fylgja eftir þeirri kröfu að sérstök áætlun um málaflokkinn verði gerð og hlutur aldraðra í velferðarstefnu bæjarins endurskoðaður.

- Verkefni er varða heimild öldungaráðs til að senda erindi til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands um fyrirkomulag þjónustunnar;

Fulltrúi HSN gefur öðrum fulltrúum í ráðinu innsýn í stöðuna í kerfinu, sem varðar heilsugæslu og heimahjúkrun. Það gerir viðkomandi með reglulegu yfirliti á fundum öldungaráðs.

Fulltrúi HSN kemur með hugmyndir að erindum er varða þjónustubætti sem heyra undir HSN, sem öldungaráð tekur til umfjöllunar og vinnur með, með það að markmiði að það sé síðan sent inn sem formlegt erindi til stjórnar HSN.

3. Önnur verkefni; ábyrgð

Ráðið kallar reglulega eftir samráði og upplýsingum frá öldrunarheimilum sem rekin eru á Akureyri; formaður.

Ráðið kallar aðra sviðstjóra og starfsmenn til fundar eins og þarf; starfsmaður ráðsins.

Skipulagning hins árlega fundar með bæjarstjórn; Formaður, varaformaður og starfsmaður undirbúi.

4. Árangursmat og eftirfylgni mála öldungaráðs

Öldungaráð skal x1 á ári taka saman yfirlit yfir störf ársins m.t.t lagaákvæða og **setja saman stutta greinargerð**. Sérstaklega skal huga að árangursmati í þessu yfirliti og stöðu mála sem hafa strandað í kerfinu. Lagt er til nefndarmenn skiptist á að gera greinargerð og formaður skipti því niður.

ATH fulltrúar EBAK leggja árlega skýrslu um störf sín og ráðsins fyrir aðalfund félagsins.

Greinargerðin skal geymd á fundgátt undir öldungaráð. Hana er svo hægt að nota á árlegum fundum með bæjarstjórn til að ýta á eftir málum. Ef fundur með bæjarstjórn er í maí þarf að gera greinargerðina í apríl hvert ár.

5. Helstu lög er varða starfsemi öldungaráða.

Lög um málefni aldraðra nr.125/1999

II.kafli stjórn öldrunarmála og skipulag öldrunarþjónustu

8. gr.

[Öldungaráð] ¹⁾ skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

X. kafli. Þjónusta við aldraða.

[38. gr.]1)

Sveitarstjórn skal stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má. Jafnframt verði tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf.

[Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.

Starfsreglur öldungaráðs voru samþykktar á 12. fundi ráðsins þann 1.3.2021

Starfsreglur öldungaráðs voru uppfærðar og samþykkar á 25. fundi öldungaráðs þann 25.1.2023